



VERKMENNTASKÓLI  
AUSTURLANDS  
Samvinna - þekking - árangur

## Ársskýrsla 2017

Elvar Jónsson  
skólameistari

Mýrargötu 10

740 Fjarðabyggð

Netfang: [va@va.is](mailto:va@va.is)

Heimasíða: [www.va.is](http://www.va.is)

Sími 477 1620

Fax: 477 1852



# Efnisyfirlit

Yfirlit.....	1
Inngangur.....	2
1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð.....	3
Vorönn 2017.....	3
Ýmsar upplýsingar.....	3
Aldursskipting nemenda.....	3
Skipting nemenda eftir námsbrautum.....	3
Haustönn 2017.....	4
Ýmsar upplýsingar.....	4
Aldursskipting nemenda.....	4
Skipting nemenda eftir námsbrautum.....	4
Innritun nýnema.....	5
2. Starfsmannahald.....	6
Úttekt á starfsemi VA o.fl.....	6
3. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir.....	8
Skólasamningur.....	8
Styrkir og þróunarverkefni.....	8
Þróunarverkefni.....	8
4. Ársreikningur.....	10
5. Gæðamál.....	11
6. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans.....	12
7. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans.....	13
Áherslur í kennslu og stoðþjónustu.....	13
Lokaorð.....	15

## Yfirlit

Fjöldi nemenda og starfsmanna: Nemendaígildi á vorönn voru 161,7 en 164,8 á haustönn. Á ársgrundvelli voru 30 stöðugildi við skólann.

Námsframboð: Námsbrautir á vorönn voru 18 en 15 á haustönn

Framkvæmd markmiða í skólasamningi: Skólasamningur rann út við lok áris 2015 en var framlengdur úr árið 2017 án þess að ný tímasett markmið væru sett.

Afkoma, rekstrarstaða: Höfðustóll jákvæður í ársbyrjun sem nemur 1,4 millj. og áætlaður jákvæður um 1,3 millj. í árslok.

Stjórnun: Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn. Ráðuneytið hefur ekki enn brugðist við þessari ábendingu.

Samvinna við aðra: Samstarf við Austurbrú, Fjarðabyggð, fyrirtæki og aðra framhaldsskóla m.a. með þátttöku í Fjarmentaskólanum.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Kynning á skólanum með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, erlent samstarf og gæðamál.

## Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2017. Árið var mjög viðburðarríkt og var mikil áhersla lögð á að kynna skólann, aukið erlent samstarf og gæðamál.

# 1. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð

Vorönn 2017

## Ýmsar upplýsingar

- 265 nemendur
  - 146 kvenkyns
  - 119 karlkyns
- 161,7 nemendaígildi
- 1,1% brottfall

## Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 2000	37
Nemendur fæddir 1999	40
Nemendur fæddir 1998	35
Nemendur fæddir 1997	11
Eldri nemendur	142
<b>Heildarnemendafjöldi:</b>	<b>265</b>

## Skipting nemenda eftir námsbrautum

		19.05.2017
Án brauta	ÁNB	65
Framhaldsskólabraut	FB	6
Félagsfræði – og félagsvísindabraut	FÉ – FÉL	38
Grunnnám rafiðna	GR	6
Grunnbraut hársnyrtiiðna	GBH	4
Hársnyrtiiðn	HÁR	1
Húsasmíði	HÚ9	14
Námsbr. fyrir LL, SG og SK		21
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GMV	5
Náttúruvísindabraut	NÁT	24

Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	5
Opin stúdentsbraut	OST	1
Rafvirkun - kvöldskóli	RK9	8
Sjúkraliðabraut	SJÚ	44
Starfsbraut	STB	5
Vélstjórnarbraut	VVB	10

## Haustönn 2017

### Ýmsar upplýsingar

- 206 nemendur
  - 124 kvenkyns
  - 79 karlkyns
- 164,8 nemendaígildi
- 1,9% brottfall

### Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 2001	25
Nemendur fæddir 2000	33
Nemendur fæddir 1999	31
Nemendur fæddir 1998	16
Eldri nemendur	101
<b>Heildarnemendafjöldi:</b>	<b>206</b>

Meðalaldur nemenda er 24,1 ár

### Skipting nemenda eftir námsbrautum

		19.12.17
Án brauta/Ótilgreint nám	ÓTN	3
Framhaldsskólabraut	FB	3
Félagsvísindabraut	FÉL	31+1

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	GBM	10
Grunnnám rafiðna	GR	11
Grunnbraut hársnyrtiiðna (1. og 3. önn)	GBH	7
Húsasmíði	HÚ9	9
Námsbr. fyrir LL, SG og SK		18
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GMV	5
Náttúruvísindabraut	NÁT	21
Nýsköpunar- og tæknibraut	NÝT	8
Opin stúdentsbraut	OST	3
Sjúkraliðabraut	SJÚ	61
Starfsbraut	STB	5
Vélstjórn B	VVB	8

### Innritun nýnema

	Fjöldi nem	VA 1. Val		VA 2. val		Ekki VA Ekki valið		Innritun	
Neskaupst.	22	14	64%	4	18%	4	18%	15	68%
Eskifj.	13	5	38%	3	23%	5	38%	5	38%
Reyðarfj.	10	3	30%	1	10%	6	60%	3	30%
Fáskrúðsfj.	9	0	0%	0	0%	9	100%	0	0%
Stöðvarfj.	1	0	0%	0	0%	1	100%	0	0%
	55	22		8		25		23	

Utan

Fjarðabyggðar

2

24

2

**88,5% nýnema koma úr Fjarðabyggð**

## 2. Starfsmannahald

Á ársgrundvelli voru um 30 stöðugildi þar af um 20 við kennslu. Á haustönn var staðan eftirfarandi:

25 stöfuðu á **kennslusviði** í 20 stöðugildum, þar af eru 13 konur í 9,75 stöðugildum og 12 karlar í 10,25 stöðugildum. Fimm kennarar voru einnig deildarstjórar samhliða kennslu þ.e. á öllum verknámsbrautum og á starfsbraut. Alls hafa níu kennarar ekki kennsluréttindi í 5,6 stöðugildum. Á þetta aðallega við um kennslu í verk- og starfsnámi þar sem átta kennarar í 4,75 stöðugildum er án kennsluréttinda. Meðalaldur kennara eru rúm 45 ár – 19 kennarar eru yngri en 60 ára og þarf af átta ekki orðnir fertugir en sex eru orðnir sextugir.

Á **þjónustusviði** voru 13 starfsmenn í 6,5 stöðugildum þar af sjö karlar í þremur stöðugildum og sex konur í 4,5 stöðugildum. Meðalaldur á þjónustusviði er 58 ár – og voru allir starfsmennirnir yfir fimmtugt nema tveir og þar af fjórir orðnir sextugir.

Á **fjármálasviði** stafaði ein kona (56 ára) og er hún í fullu starfi sem fjármálastjóri.

Kynjaskipting **yfirstjórnar** var ein kona (43 ára) sem er áfangastjóri í fullu starfi og einn karl (42 ára) sem er skólameistari í fullu starfi.

Þessi upptalning á stöðu mála á haustönn 2017 var nánast sú sama á vorönn 2017 og mjög litlar breytingar urðu á vorönn 2018. Þannig að þessi umfjöllun um stöðu mála á haustönn 2017 gefur mjög góða mynd af starfsmannahaldi skólans síðustu misseri.

### Úttekt á starfsemi VA o.fl.

Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum og raun hafa stjórnendur skólans ekki fengið nein



viðbrögð frá MMR varðandi þetta mat úttektaraðila. Hins vegar lauk skólinn sinni umbótaráætlun á árinu 2017 en sú umbótaráætlun var gerð í kjölfar úttektarinnar

Þrátt fyrir þetta mikla álag á stjórnendur skólans þá virðast starfsmenn skólans vera mjög ánægðir með stjórnun í skólans samkvæmt könnuninni Stofnun ársins. Raunar kemur skólinn mjög vel út úr þeirri könnun í heild sinni og kemur það heim og saman við niðurstöður úttektar Attentus. Of mikið álag á stjórnendur er hins vegar áhyggjuefni og gengur ekki til lengdar eins og ítrekað hefur verið í fyrri ársskýrslum.

### 3. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir

#### Skólasamningur

Samningurinn var útrunninn en hann gildi frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015.

Samningurinn var framlengdur út árið 2017 án breytinga eða nýrra tímasettra markmiða í viðauka.

Á haustönn 2016 var í fyrsta skipti unnið að gerð stefnumótunar til þriggja ára til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Þessari áætlun var því í annað sinn skilað til MMR á haustönn 2017. Helstu áherslur þar eru t.d. áframhaldandi innleiðing á ISO 9001 gæðastaðli og á bættan aðbúnað starfsfólks.

#### Styrkir og þróunarverkefni

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar. Helstu styrkir voru eftirtaldir:

- Styrkur frá ríkissjóði 4,7 millj. v/fámennra skóla.
- Styrkur frá ríkissjóði 1 millj. til forvarnaþings.
- Styrkur frá SÚN ½ millj. og ½ millj. frá Lýðheilsusjóði til forvarnaþings.
- Styrkur frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, 2 millj., til reksturs stafrænnar smiðju í VA.
- Styrkur frá Uppbyggingarsjóði Austurlands, SVN og Alcoa 2,3 millj. v/Tæknidags fjölskyldunnar 2017.
- SEF (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskóla) veitti styrk til að fá gestafyrirlesara, til að senda kennara á námskeið erlendis og til að halda sumarnámskeið fyrir kennara.
- Leikfélag skólans Djúpið og nemendafélag VA fengu góða styrki frá:
  - SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

#### Þróunarverkefni

Skólinn tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar.

- Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- Fjarmenntaskólinn. Samvinna við aðra framhaldsskóla varðandi námsframboð í fjarnámi.
- Samstarf við Tækniskólann, Iðnskólann í Hafnarfirði, FNV, MÍ, VMA og FS við gerð námsbrautar í hársnyrtiið.
- Samstarf við MÍ og FNV til að vinna sameiginlega að gerð námsbrautar í vélvirkjun sem tekur tillit til samkeyrslu við vélstjórnarbraut B – stigs.
- Skólinn hélt áfram þátttöku í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.
- Í september 2016 hóf skólinn þátttöku í verkefninu *Skólar á greinni grein*.
- Í september hófst formlegt samtal skólans við sveitafélagð Fjarðabyggð og fyrirtæki á Austurlandi um samstarf í menntamálum.
- Samstarf við tólf aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni í Fjarmenntaskólanum þar sem skólanir vinna saman t.d. varðandi námsframboð.
- Samstarf við aðra starfsnámskóla m.a. með áttakinu #kvennastarf og útgáfu á kynningarblaði sem fór inn á heimili allra nemenda í 10. bekk á vorönn.
- Erlent samstarf þar sem skólinn er kominn í samstarf við skóla t.a.m. í Danmörku, Þýskalandi, Spáni og Ungverjarlandi.

## 4. Ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 1,4 millj.

Leiðréttingar á árinu 2017:

- v/launabóta 1,5 millj.
- v/námsorlofs haustönn 8,9 millj.
- frá ríkissjóði v/fámennra skóla 4,7 millj.
- styrkur við forvarnaþing 1 millj.
- íslenska fyrir útlendinga 0,7 millj.

Höfuðstóll í árslok 2017 er áætlaður 1,3 millj.

<b>Fjárheimild VA árið 2017</b>	<i>Allar tölur í milljónum króna</i>	
	Höfuðstóll frá 2016	1,4
	Fjárlög ársins 2017	357,700
	Leiðréttingar innan ársins	16,8
		375,9

<b>Áætlaður rekstur VA árið 2017</b>	<i>Allar tölur í milljónum króna</i>	
	Aðrar rekstrartekjur	-4,7
	Sértekjur	-34,6
	Launagjöld	295,5
	Almennur rekstur	116,7
		375,9

Sértekjur vegna sérstakra verkefna sem VA stendur fyrir eru: Forvarnaþing 2 millj., Tæknidagur fjölskyldunnar 2,3 millj., rekstur Fab Lab (stafrænnar smiðju) 2 millj. frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Erasmus+ verkefni 2,1 millj.

## 5. Gæðamál

Unnið hefur verið að innleiðingu á ISO-gæðavottunarkerfi frá haustinu 2014 og er þar byggt á Gæðahandbók Verkmenntaskólans á Akureyri. Upphaflega átti að einkorða vottunina við vélstjórnarnám í VA en fljótlega urðu stjórnendur skólans sannfærðir um að taka ætti upp ISO gæðavottun fyrir allan skólann. Hefur vinna við sjálfsmat skólans því markast af innleiðingunni sl. fjögur skólaár og er vinna við skrásetningu verkferla komin vel á veg. Frá og með hausti 2016 var sjálfsmatsnefnd lögð niður og í stað hennar skipað gæðaráð skólans sem er liður í innleiðingarferlinu.

Veigamikill þáttur í gæðastjórnunarkerfinu er það sem kallast *útskrift áfanga* en hafist var handa við þá vinnu á haustönn 2016. Allir þættir í því ferli eru nú komnir í virkni innan VA og eru smám saman að festa sig í sessi í skólastarfinu. Í matsskýrslu fyrir skólaárið 2016 – 2017 er gerð ítarleg grein fyrir vinnu við gæðamál í VA sem og niðurstöðum gæðakannana, bæði sem framkvæmdar eru af gæðaráði og ytri könnunum sem nýttar eru sem hluti gæðakerfisins. Einnig er þar lögð fram matsáætlun skólaársins 2017 – 2018. Skýrslan er birt á heimasíðu VA og er vísað til hennar fyrir frekari upplýsingar um gæðamál í VA fyrri hluta árs 2017. Matsskýrsla fyrir skólaárið 2017 – 2018 verður birt á heimasíðunni fyrir september 2018 og í henni verður hægt að fá frekari upplýsingar um gæðamál seinni hluta ársins 2017.

## 6. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans

Húsnæði skólans er að mörgu leyti mjög gott hvað kennsluaðstöðu varðar. Hins vegar er ekki góð aðstaða fyrir félagslíf nemenda og ekki er neinn samkomusalur í skólanum. Þegar kalla þarf nemendur saman „á sal“ eða þegar nemendur koma saman í skólanum í félagsstarfi o.s.frv þá er ekki annað húsnæði í boði en anddyri gamla skólahúsnæðisins. Þetta rými er kallað setustofa. Miðað við það sem flestir aðrir framhaldsskólar búa við þá er þetta ófullnægjandi. Þessi skortur á samkomusal stendur skólastarfinu tvímælalaust fyrir þrífum. Erindi varðandi þetta hefur verið sent á MMR og tekið upp á skólasamningsfundum og tekið ítrekað fram í ársskýrslum skólans.

Á árinu 2017 voru gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og búnaði skólans. Ljóst er hins vegar að veruleg þörf er komin á frekari endurnýjun á húsgögnum og tækjabúnaði en fjárheimildir leyfa ekki að að verulegt átak sé gert í þeirri endurnýjun. Þó var hægt að gera meira í þeim efnum á árinu 2017 en undarnfarin ár. Ber það helst að nefna kaup á skrifborðsstólum fyrir flesta starfsmenn skólans og stillanlegum skrifborðum fyrir flesta á skrifstofu skólans. Markmiðið er að kaupa fleiri slík skrifborð á árinu 2018 en í stefnumótun skólans til næstu þriggja ára er sterklega kveðið á um það að bæta úr varðandi vinnuaðstæður starfsfólks. Er þetta sett fram í ljósi þess að þó skólinn hafi komið vel út í könnuninni *Stofnun ársins* þá er nokkuð áberandi að vinnuskilyrði koma þar einna verst úr.

Varðandi endurbætur og endurnýjun á húsakynnum skólans ber helst að nefna að töluverðar breytingar voru gerðar á málmdeild til að uppfylla námskrá. Þessar framkvæmdir fólu m.a. í sér að breyta þurfti húsnæðinu með því að veggir voru fjarlægðir og aðrir settir upp ásamt tilheyrandi breytingum á loftræstingu. Einnig voru keyptir nýjir suðubásar og ný tæki fyrir suðudeildina. Ríkiseignir greiddu mestan hluta af kostnaði við breytingar á húsnæðinu og skólinn fjármagnaði sjálfur tækjakaupin o.fl. Einnig var allt verknámshúsið málað að innan nema rafdeildin.

## 7. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2017. Eins og undanfarin ár þá komu nemendur úr grunnskólunum á Austurlandi í heimsókn í skólann. Sérstök áhersla var eins og áður lögð á að kynna verknámið. Sem dæmi um það má nefna að verknámsvika var haldin í fimmta sinn. Um er að ræða samstarf við vinnuskóla Fjarðabyggðar þar sem skipulögð er heil vinnuvika í byrjun júní þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem ljúka 9. bekk koma til vinnu og náms í verknámsdeildum skólans. Á árinu 2018 verður sú breyting gerð að þetta verður ekki lengur hluti af vinnuskóla Fjarðabyggðar heldur hluti af námi nemenda í 9. bekk í grunnskólum sveitafélagsins. Skólinn hefur lengi barist fyrir þessari breytingu enda hefur aðeins lítil hluti nemenda í 9. bekk verið í vinnuskólanum undanfarin ár.

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í fimmta sinn í október. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans eins og verið hefur. Talið er að um 1500 manns hafi sótt Tæknidaginn 2017. Dagskráin byggist á því að nemendur og kennarar eru með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl. Ljóst er að Tæknidagurinn er búinn að festa sig í sessi sem ein allra stærsti viðburðurinn sem fer fram á Austurlandi ár hvert.

### Áherslur í kennslu og stoðþjónustu

Skólinn hélt áfram með svokallaðar vinnustofur sem hafa verið í þróun undanfarin ár. Er þetta fyrirkomulag í stuttu máli með þeim hætti að í flestum bóklegum- og fagbóklegum fögum er settur inn einn vinnustofutími í hverri viku. Kemur þessi tími í staðinn fyrir eina kennslustund í viðomandi fagi og geta nemendur valið þær vinnustofur sem þeim hentar hverju sinni. Hefur þetta því ákveðinn sveigjanleika í för með sér fyrir nemendur.

Með ráðningu verkefnastjóra á árinu 2016 hefur áhersla á að stafsfolk skólans sækja námskeið og ráðstefnur erlendis aukist. Sérstaklega er þar horft til að þeir kynni sér nýja kennsluhætti og/eða þrói þá þennsluhætti sem lögð hefur verið áhersla á undanfarið t.d. vendikennslu. Aukin kraftur var í þessu erlenda samstarfi á árinu

2017 og sóttu margir starfsmenn skólans ráðstefnur og námskeið erlendis auk þess sem samstarf við erlenda skóla var mjög vaxandi. Mun árið 2018 bera glögg vitni um þetta aukna erlenda samstarf en á vorönn munu fimm nemendur í húsasmíði heimsækja samstarfsskóla í Viborg í Danmörku og taka hluta af sínu námi þar. Fjórir nemendur frá Viborg munu svo heimsækja VA með sama hætti á vorönn. Fleira má nefna í þessu erlenda samstarfi og hvað er á döfinni hvað það verðar en ljóst er að skólinn tók verulega stór skref í því á árunum 2016 og 2017 að auka erlent samstarf. Vonandi mun það skila sér í betra skólastarfi og auknum tækifærum fyrir skólann, nemendur hans og starfsfólk.




## Lokaorð

Glögg má sjá við lestur þessarar skýrslu að árið 2017 var viðburðarríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Framkvæmd markmiða í skólasamningi hefur hleypt auknu lífi í starfsemi skólans og mætti þar helst nefna Verknámsvikuna og Tæknidag fjölskyldunnar.

Rekstur skólans hefur undanfarin ár verið innan fjárheimilda en þó hefur gengið á höfuðstól undanfarin ár og er árið 2017 þar ekki undantekning. Mikilvægt er fyrir skólann að fá auknar fjarheimildir til að fjölga stöðugildum í stjórnun - eins og skýrsla úttektaraðila á starfsemi skólans frá 2014 bendir á. Farið var í ákveðnar aðgerðir á árinu 2016 til að bæta úr þessu með ráðningu gæðastjóra. Einnig er komin veruleg uppsöfnuð þörf á að endurnýja tæki- og húsbúnað þó hægt hafi verið að bæta nokkuð úr á árinu 2017.

Helstu áherslurnar á árinu 2017 voru aukið erlent samstarf og gæðamál en þetta tvennt auk annarra þátta sem skólinn leggur áherslu á og kemur fram í þessari skýrslu hefur þann tilgang að auka gæði og fjölbreytni þeirrar þjónustu sem skólinn veitir.

*Fjarðabyggð 30. apríl 2018*



*Elvar Jónsson*

*skólameistari*

*Verkmenntaskóla Austurlands*